ÖXARFJARÐARSKÓLI

# Kennsluáætlun 2025-2026

**1. - 4. bekkur**
**Námsgrein: Smíðar**
**Kennari: Jennifer Please**

**Markmið:**
**Að nemandi:**

- Þekkir algengustu verkfæri í trésmíði og útskýrir á einfaldan hátt virkni þeirra.
- Þekkir almenn smíðaefni og getur á einfaldan hátt úrskýrt notkun og eiginleika þeirra.
- Framkvæmir nokkrar aðferðir til festinga.
- Beitir líkamanum rétt við vinnu sína og sýnir rétta notkun hlýfðarbúnaðar.
- Getur dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Getur unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
- Getur sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virkniþætti í smíðisgripum, svo sem vogarafl, gorma og teygjur.
- Bendir á ýmis tæknifyrirbrigði er tengjast daglegu lífi.
- Greinir einfaldar þarfir í umhverfi sínu og ræðir nokkrar lausnir.
- Hannar einfaldan hlut í þrívíðum hugbúnaði.
- Velur efni út frá umhverfissjónarmiðum og getur sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.
- Sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Getur greint og sagt frá nokkrum einkennum íslensks handverks.

**Kennsluaðferðir/vinnulag:**

- Sýnikennsla
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Leiðsagnarnám
- Leitarnám

**Námsmat:**

- Símat - virkni og vinnubrögð í tímum
- Leiðsagnarmat er viðhaft yfir önnina þar sem nemendur fá munnlega leiðsögn um stöðu sína. Hvað sé gott og hvað sé hægt að bæta.
- Áherslan er á að meta ferlið en ekki eingöngu afurðina.
- Mikið áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda.
- Sjálfsmat, nemendur meta sig í lok verkefni.

**Námsgögn:**

- Smíðaverkfæri
- MMS Smíðaverkefni 1.-4. bekkur og ýmsar smíðabækur
- Efni af vef og frá kennera